



**40. Sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands
haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016**

DAGSKRÁ

10:00 FUNDARSETNING

10:10 KOSNING STARFSMANNA FUNDARINS:

- FUNDARSTJÓRAR
- FUNDARRITARAR

10:15 YFIRLIT YFIR STÖRF FRÁ SÍÐASTA ÞINGI:

- SKÝRSLA STJÓRNAR
- REIKNINGAR LAGÐIR FRAM
- UMRÆÐUR
- AFGREIÐSLA REIKNINGA

11:00 MÁL LÖGÐ FYRIR FUNDINN:

- FJÁRHAGSÁÆTLUN
- ÖNNUR MÁL FRÁ STJÓRN
- ERINDI OG MÁL FRÁ FULLTRÚUM
- UMRÆÐUR OG MÁLUM VÍSAÐ TIL NEFNDA

11:30 NEFNDASTÖRF

12:30 MATARHLÉ

13:30 HÖFUM ÁHRIF

ÞJÓÐFUNDARFYRIRKOMULAG UM STEFNU UMFÍ

14:30 NEFNDIR SKILA ÁLITI, AFGREIÐSLA MÁLA

15:00 KAFFIHLÉ

15:30 ÖNNUR MÁL

17:00 FUNDARSLIT

Fundarsetning

Formaður UMFÍ, Haukur Valtýsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna:

Góðir fundarmenn og gestir.

Verið velkomin á 40. Sambandsráðsfund Ungmennafélags Íslands.

Starfsemi UMFÍ hefur verið, í stórum dráttum, með hefðbundnum hætti síðastliðið starfsár en ég vonast þó til að hverjar breytingar sé hægt að sjá frá því sem var og að frekari breytingar verði sjáanlegar á næstunni.

Við höfum unnið að stefnumótun samtakanna frá því er starfstímabili síðustu stjórnar hófst. Margir hafa komið að því starfi en drög að stefnunni voru kynnt á sambandsþinginu í Vík í Mýrdal fyrir ári. Það er mikilvægt að niðurstaða þessarar vinnu við stefnu UMFÍ sem við kynnum fyrir ykkur, forsvarsfólki í hreyfingunni, fái afgreiðslu og samþykki hér eftir yfirferð og umræður. Í framhaldi á okkar starf að taka mið af stefnunni og auka þannig allan samhljóm í starfsemi innan og á vegum ungmennafélaganna.

Ég tel að við getum með samþykkt stefnunnar aukið gæði okkar starfs, aukið traust á starfi samtakanna, aukið samheldni og samstöðu innan hreyfingarinnar og að starfið verði markvissara og skemmtilegra.

Viðburðir á vegum UMFÍ eru nokkrir. Þar á meðal eru landsmótin og unglíngalandsmótin sem eru þeirra stærst. Það má segja að unglíngalandsmótin séu flaggskip samtakanna og að þau séu almennt viðurkennd sem mikilvægt forvarnarverkefni. Þau eru í raun orðin sjálfsögð í huga landsmanna. Landsmót er verðmætt hugtak og það er nú eitt af verkefnum okkar að vinna til baka það verðmæti sem felst í landsmóti, vinna að nýrri útgáfu eða nýrri úrfærslu af landsmóti. Hér á ég við þau mót sem hafa undanfarið verið kölluð „stóru landsmótin“. Það er búið að fara um landið og fá sjónarmið frá mörgum einstaklingum, ræða það í stærri og smærri samræðuhópum og á fundum. Nú erum við einnig búin að ákveða að halda mótið á Sauðárkróki og vinnuhópur hefur verið skipaður til undirbúnings og stærri nefnd í undirbúningi. Við erum einnig búin að senda fólk til Danmerkur og kynna sér hvernig DGI stendur að og undirbýr sitt landsmót sem er haldið á næsta ári, 2017. Það er mikilvægt að standa vel að þessum undirbúningi ef við ætlum að ná verðgildi eða mikilvægi þessara landsmóta til baka.

Mig langar að nefna hér að samvinna UMFÍ og ÍSÍ hefur aukist og er nú t.d. í fræðslumálum. Í því sambandi vil ég nefna verkefnið „Sýnum karakter“ og ráðstefnu með sama nafni sem haldin var nú nýlega. Verkefnið fékk mjög góða umsögn og heimasíða þess er verkfæri fyrir þjálfara og þá sem koma að þjálfun og uppeldi barna og unglínga og einfaldlega allra. Vert er að þakka þeim sem stóðu að þessari vinnu og óska öllum til hamingju. Ég vil sérstaklega fagna þessari samvinnu og tel að fleiri verkefni sé hægt að vinna saman á vegum þessara samtaka og trúlega fleiri samtaka. Við skulum hafa augum opin fyrir samvinnu við og með öðrum félagasamtökum.

Þá vil ég einnig fagna því starfi sem verið er að vinna með ungu fólki innan og á vegum okkar hreyfingar. Það tel ég mjög mikilvægt fyrir UMFÍ og samfélagið.

Við sem erum í forsvari fyrir UMFÍ höfum trú á að það sé hægt að efla ýmis konar starf sem komi sambandsaðilum til góða. Í þessu sambandi vil ég nefna skjalavistun fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeirra. Það eru og hafa verið til mörg félög þar sem hefur verið haldið utan um skýrslur og skjöl en það vantar einhvern endanlegan stað til að varðveita þau á. Ef skrifa á sögu viðkomandi félags, héraðs eða einstaklings, þá er þetta komið á einn stað þar sem hægt er að nálgast það. En þetta kostar peninga og við fáum ekki peninga frá hinu opinbera til að ráðstafa í slíka hluti.

Einnig má nefna samvinnu við skólasamfélagið. Þar á ég við að ná samstarfi við skóla þar sem ungt fólk sem er tilbúið að vinna að rannsóknum á t.d. ýmsum þáttum í aðsókn

unglingalandsmóta, hvaða aldur sækir þau helst. Eins væri hægt að skoða þróun Hreyfivikunnar, Landsmóts UMFÍ 50+ og fleiri viðburða sem unnið er að. Við eigum að stefna að því að byggja ákvarðanir okkar um breytingar á þeim viðburðum sem samtök okkar standa að s.s. ungingalandsmótum, landsmótum og fleiru, á rannsóknnum og niðurstöðum úr þeim. Að minnsta kosti ekki að byggja breytingar á þessum viðburðum eingöngu á skyndihugdettum. Það hlýtur að vera meira sannfærandi og auka traust á okkar vinnu að stefna að því að vinna meira á þessum nótum. Slík vinna er einnig nauðsynleg til að styðja við það að sækja meira fjármagn, sækjast eftir samvinnu við hið opinbera þar sem við erum að vinna að því að bæta lýðheilsu og auka forvarnir með okkar fólki. Við komumst þá líka í betra návígi við ungt fólk sem við þurfum að virkja meira inn í hreyfinguna og þannig tel ég að við eflum kynni ungs fólks á hreyfingunni.

Ég tel sem sagt mikilvægt að forystufólk í samtökum okkar láti sig varða hvaða verkefni við stöndum að á vegum þeirra, að fólk eyði einhverjum tíma í að ræða þau, hvort sem það eru ný eða gömul, til hagsbóta fyrir alla sambandsaðila og samfélagið í heild á fundum sem þessum og þingum en sé síður að sökkva sér niður í smáatriði í fjárhagsáætlun þó ég sé ekki að draga úr mikilvægi hennar, ég sagði smáatriði. Horfum saman til framtíðar og verjum tíma í að byggja undir heildina.

Nú, að lokinni vinnu við stefnumótun samtakanna og sölu Þrastalundar, sem tekið hafa óhemju tíma á síðasta og fram á þetta ár, þá vonast ég til að við höfum meiri tíma til að fást við önnur verkefni.

Það er aðdáunarvert hvernig sumum sambandsaðilum tekst að sinna sínu hlutverki þó að peningaleg staða sé erfið og víðáttumikil svæði undir. Varla er hægt að ráða starfsmann nema kannski í hlutastarf. En við þurfum að standa saman í þessari hreyfingu og vinna meira og sem best saman. Það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið á hverjum stað eða svæði. Við eigum að nýta okkur þekkingu eða aðstöðu hjá hverju öðru og okkar þjónustumiðstöð. Það eflir okkur.

Við eigum að vera öflug íþróttá- og æskulýðssamtök.

Ég tel að við eigum að vera öflug forvarnarsamtök.

Ég tel að við eigum að vera öflug lýðheilsusamtök og vinna með landlæknisembættinu.

Við eigum að vera öflug landssamtök, sem gætu stækkað.

Við eigum að vinna með sveitarfélögum.

Við eigum að vera öflug grasrótarsamtök með sterkan félagslegan bakgrunn.

Verjum jaðra hreyfingarinnar líkt og eyju sem brimið sækir að. Brot á jaðrinum þýðir nýjan jaðar sem verður í hættu og þarf þá að fara að verja. Ef við reynum ekki að verja þau eða þá sem verða fyrir ágangi, þá veikist heildin, við verðum ekki eins fær um að standa á eigin fótum sem samtök og ekki eins öflug samtök sem eru að vinna og eiga að vinna fyrir heildina og samfélagið.

Ég vil í lokin hvetja fundarmenn til að kynna sér það góða starf sem fer fram hér á Laugum í Sælingsdag á vegum Ungmenna- og tólmstundabúðanna. Við fáum, seinna í dag, innsýn inn í starfsemina hér frá Önnu Margréti Jónsdóttur, forstöðumanni Ungmennabúðanna. Hér er unnið afar gott og mikilvægt starf og hér eigum við að geta komið okkar samtökum og gildum á framfæri. Það eru þó blikur á lofti varðandi mögulega sölu húseigna hér á Laugum.

Dagskrá fundarins er mjög þétt og það þarf að halda vel á spöðunum til að komast yfir hana.

Ég vona að við getum farið yfir þau málefni sem hér eru tekin til umfjöllunar og ég segi 40. sambandsráðsfund UMFÍ settan.

KOSNIR STARFSMENN FUNDARINS

Þorgrímur Einar Guðbjartsson og Helgi Gunnarsson kjörnir fundarstjórar.
Hrönn Jónsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Ómar Bragi Stefánsson kjörin fundarritarar.

Yfirlit yfir störf frá síðasta þingi

Skýrsla stjórnar: Auður Inga Þorsteinsdóttir fór yfir starfið á liðnu ári. Stiklaði hún á stóru um starf félagsins, þátttöku í verkefnum á borð við Unglingalandsmót, Landsmót UMFÍ 50+, Hreyfiviku og Ungt fólk og lýðræði, en flest verkefni á vegum UMFÍ hafa vaxið og dafnað. Félagsmönnum UMFÍ hefur einnig fjölgað um 16,5% síðan á fyrra ári og eru nú 160.964 talsins. Einnig eru jákvæðar fréttir af samstarfi UMFÍ við hin ýmsu samtök bæði erlendis og innanlands. Erlendis höldum við áfram í samstarfi við ISCA og höfum lagt enn meiri metnað í að læra af DGI bæði hvað varðar framtíðarstefnu þeirra, landsmótin og margt fleira. Umsóknnum í sjóði Evrópu Unga Fólksins fer einnig fjölgandi. Innanlands hefur aukið samstarf við Íþrótt- og ólympíusamband Íslands þegar skilað af sér glæsilegu verkefni sem kallast *Sýnum karakter* sem fer mjög vel af stað.

Ársreikningar lagðir fram: Auður Inga Þorsteinsdóttir fór yfir ársreikning í fjarveru gjaldkera. Auður vakti athygli á lítilli villu sem sést í reikningum: *Aðrar tekjur*, færast einum dálk of langt til vinstri. Tekjur umfram gjöld árið 2015 voru 37.168.663 kr. Rekstrarniðurstaða án fjármuna og fjárhagsliða er 6.768.082 kr. UM 37% af tekjum UMFÍ koma úr Lottó, 27% frá ríkinu og 34% eru aðrar tekjur. Eiginfjárhlutfall félagsins er 70%. Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé hækkar verulega á milli ára.

Þorgrímur fundarstjóri bað um að fólk standa upp og kynna sig.

Á fundinn voru mætt: **Jenný Hólmsteinsdóttir USB, Garðar Svansson HSH, Ragnar K. Bragason HSS, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir HSV, Gunnlaugur Jónsson HHF, Guðríður Aadnegard og Engilbert Olgeirsson HSK, Þórir Steinn Valgeirsson UÍA, Þórarinn Hannesson UÍF, Rúnar aðalsteinn Pétursson USAH, Sólrún Halla Bjarnadóttir UMSB, Jóhanna Sigrún Árnadóttir UDN, Bjarnveig Ingvadóttir UMSE, Valdimar Gunnarsson og Magnús Gíslason UMSK, Silvía Magnúsdóttir UMSS, Eygló Hrunð Guðmundsdóttir USVH, Sigurður Óskar Jónsson USÚ, Einar Haraldsson og Kári Gunnlaugsson Keflavík, Bjarni Már Svavarsson UMFG, Arnar Grétarsson og Olga Þorsteinsdóttir frá UMFK, Ólafur Eyjólfsson UMFN, Málfríður Sigurhansdóttir og Guðmundur L. Gunnarsson UMFF, Stefán Skafti Steinólfsson USK, Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð, Gunnar Júlíus Helgason og Kristján Árnason UMFÞ, Ragnheiður Sigurðardóttir, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, Ómar Bragi Stefánsson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Helgi Gunnarsson, Jörgen Nilsson, Anna Margrét Tómasdóttir og Auður Inga Þorsteinsdóttir starfsmenn UMFÍ, Hrönn Jónsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Haukur Valtýsson, Örn Guðnason og Ragnheiður Högnadóttir stjórn UMFÍ.**

Umræða um störf frá síðasta þingi

Auður Inga Þorsteinsdóttir sagði að þegar hefðu borist fyrirspurnir um ársreikninga og að Helgi Gunnarsson fjármálastjóri UMFÍ muni gera grein fyrir spurningum og svörum.

Helgi Gunnarsson (HG)

Héraðssambandið Skarphéðinn spurði um Evrópu Unga fólksins (EUF), hversu mikill halli yrði á starfi EUF vegna gengisbreytinga. Á þessu ári stefnir í tap uppá 3–4 milljónir ef ekkert verður að gert vegna gengisbreytinga, en nú þegar hefur verið farið fram á aukafjárveitingu frá ráðuneyti vegna vandans.

Spurt er um sundurliðanir, HG hefur prentað út gögn með sundurliðunum. Spurt er um hvað falli undir liðinn annar starfsmannakostnaður. Undir það falla liðir eins og kostnaður við árshátíð, gjafir, líkamsrækt, tryggingar starfsmanna og kostnaður við ráðningar starfsfólks.

Spurt er um sölu á Þrastalundi, hvort málið teljist uppgett, en sala á Þrastalundi telst fullfrágengin og hefur allt fengist greitt. Á ársreikningum 2014 var óinnheimt krafa frá þeirri sölu, sú upphæð sem fékkst svo greidd var um 4 milljónum lægri, en það var að hluta krafa um dráttarvexti sem stjórn gaf eftir þegar gengið var frá sölunni.

Samkvæmt ársreikningum á UMFÍ verðbréfaeign að upphæð 1.575.101 kr. Eru þetta leifar af kröfu sem hafði verið afskrifuð. Síðar hafa borist greiðslur fyrir sölu á fasteignum sem voru í eigu verðbréfasjóða sem UMFÍ á hlut í. Enn á UMFÍ hlut í Laugadælalandi sem nú er til sölu. Fáist fjármunir fyrir þetta mun það tekjufærast þegar greiðsla berst.

Hvaða tekjur eru undir aðrar tekjur? Um er að ræða eignarhlutdeild í Íslenskum Getraunum og óinnkomnar endurgreiðslur vegna erlendra samskipta

Í reikningum UMFÍ eru ógreiddir styrkir færðir sem skuld, en um ræðir ósótta styrki Fræðslu- og verkefnasjóðs. Áður voru styrkir bara gjaldfærðir þegar styrkir voru sóttir, en nú hefur því verið breytt svo að allt sem útdeilt er, er gjaldfært hvort sem styrkirnir eru sóttir eða ekki. HG hvetur fundinn til að taka umræðu um hvað skuli gera við ósótta styrki.

Stefán Skafti Steinólfsson þakkaði formanni og starfsmönnum fyrir greinagóða skýrslu og hvatti fólk til að taka til máls um skýrslu hvort sem það er til lofs eða lasts. Stefán Skafti þakkaði fyrir hve vel er haldið á málum hjá UMFÍ.

Engilbert Olgeirsson sagði að gaman væri að vera komin á Laugar, þakkaði fyrir góða skýrslu og gott samstarf við stjórn og starfsfólk. Varðandi fjárhag sagði hann að ánægjulegt væri að sjá hvað hann er traustur. Honum finnst mikilvægt að UMFÍ skuldi ekki til lengri tíma og fagnaði því að skuldir hafi verið lækkaðar um 30 milljónir, vonast til að þær skuldir sem eftir standa verði greiddar sem fyrst. Einnig þakkaði hann fyrir greinagóð svör og sundurliðanir úr reikningum. Í sambandi við ósótta vinninga, spurði Engilbert hvort ekki væru neinar reglur um það hve langan tíma aðilar hafa til að sækja þá styrki sem þeim hefur verið úthlutað. Að lokum vildi Engilbert fá umræðu um framtíð Skinfaxa, hvort það sé forsvaranlegt að rukka félögin um áskrift að Skinfaxa þegar blaðinu er dreift frítt á bensínstöðvum og á internetinu. Engilbert fagnaði því einnig að Guðni á Þverlæk hafi hlotið umhverfisverðlaun UMFÍ, það hafi hann svo sannarlega átt skilið eftir mikið og gott umhverfisverndar starf. Engilbert þakkaði fyrir gott Unglingalandsmót í Borgarnesi og hvatti þá sem geta til að koma á Landsmót 50+ í Hveragerði næsta sumar. Einnig langar hann til að UMFÍ setji meiri fjármuni í uppbyggingu í Þrastaskógi.

Gunnar Gunnarsson ræddi um Skinfaxa og kostnað við útgáfu. Gunnar sagði að það væri í skoðun hvernig Skinfaxi yrði fjármagnaður og hvort félögin ættu að halda áfram að greiða fyrir blaðið.

Einar Haraldsson þakkaði góða skýrslu. Einar fagnaði auknu samstarfi við ÍSÍ og lagði áherslu á að við eigum að gleyma öllum hugmyndum um sameiningu en auka samstarf þar sem við á. Hann fagnaði einnig því fyrirkomulagi sem HSK-menn hafa tekið upp með því að senda spurningar fyrirfram.

Garðar Svansson fagnaði einnig auknu samstarfi við ÍSÍ. Sagði að þau verkefni sem þegar væru komin af stað sýndu okkur að það er full ástæða til að starfa saman, það séu mörg verkefni sem hægt er að vinna í sameiningu og gera mjög vel. Hann benti einnig á samstarf DGI og DIF í Danmörku sem hefur verið farsælt.

Stefán Skafti Steinólfsson ræddi um Skinfaxa, sagði að sína skoðun væri að það sé nauðsynlegt að halda honum áfram á lofti, en ef til vill sé tímabært að hætta að rukka félög um áskriftargjald. Hann þakkaði sérstaklega fyrir ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði og sagði að það væri þarft og vel gert verkefni.

Örn Guðnason sagðist vilja koma þeim upplýsingum á framfæri varðandi uppgjör á sölu Þrastalundar að þær milljónir sem gefið hefði verið eftir við sölu á eigninni væru ef til vill ekki raunveruleg upphæð, heldur vextir sem reiknaðir voru alveg í topp. Ákveðið hefði verið af stjórn að nota hagnað af sölu á Þrastalundi til að lækka skuldir og voru teknar 30 milljónir úr þeirri sölu í lækkun skulda. Örn sagðist vonast til þess að kostnaður UMFÍ í tengslum við eignina í Þrastalundi væri nú vera úr sögunni.

Sólrún Halla Bjarnadóttir þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir góða skýrslu og mjög gott samstarf í kringum Unglingalandsmót. Einnig þakkaði hún öllum sem sóttu mótið.

Afgreiðsla reikninga: Fundarstjóri lagði fram reikninga fyrir árið 2015 og voru reikningar samþykktir samhljóða.

Mál lögð fyrir þingið

Haukur Valtýsson lagði fram tillögu nr. 1, Rekstraráætlun fyrir árið 2017.

	Fræðslu- og Verkefna- sjóður						Samanburður	
	Samtals	Aðalsjóður	Evrópu- skrifstofa	Laugar	Verkefna- sjóður	Umhverfis- sjóður	Áætlun 2017	Rauntölur 2015
Rekstrartekjur:								
Ríkisframlag	131.200.000	99.800.000	13.600.000	17.800.000			131.200.000	119.757.200
Lottó og getraunir	181.500.000	168.900.000			12.600.000		181.500.000	161.837.725
Aðrar tekjur	132.744.500	47.450.000	25.394.500	59.200.000	0	700.000	132.744.500	147.849.017
	<u>445.444.500</u>	<u>316.150.000</u>	<u>38.994.500</u>	<u>77.000.000</u>	<u>12.600.000</u>	<u>700.000</u>	<u>445.444.500</u>	<u>429.443.942</u>
Rekstrargjöld:								
Laun og launatengd gjöld	141.316.000	65.693.000	30.537.000	45.086.000			141.316.000	134.446.608
Annar rekstrarkostnaður	140.079.920	98.034.920	11.175.000	30.870.000			140.079.920	149.921.259
Lottó til sambandsaðila	142.200.000	142.200.000					142.200.000	126.745.802
Veittir styrkir	14.600.000		1.000.000		12.600.000	1.000.000	14.600.000	8.039.791
Afskriftir	4.600.000	3.600.000		1.000.000			4.600.000	3.522.400
	<u>442.795.920</u>	<u>309.527.920</u>	<u>42.712.000</u>	<u>76.956.000</u>	<u>12.600.000</u>	<u>1.000.000</u>	<u>442.795.920</u>	<u>422.675.860</u>
	0						0	
Afkoma f. fjármagnsliði	2.648.580	6.622.080	(3.717.500)	44.000	0	-300.000	2.648.580	6.768.082
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):								
Fjármunatekjur	1.900.000	1.000.000			600.000	300.000	1.900.000	7.062.306
Greiddir vextir og verðbætur	(2.782.500)	(2.500.000)	(282.500)				(2.782.500)	(5.595.029)
Áfallnar verðbætur	(1.500.000)	(1.500.000)					(1.500.000)	(1.749.114)
	<u>(2.382.500)</u>	<u>(3.000.000)</u>	<u>(282.500)</u>	<u>0</u>	<u>600.000</u>	<u>300.000</u>	<u>(2.382.500)</u>	<u>(281.837)</u>
Rekstrarniðurstaða:	<u>266.080</u>	<u>3.622.080</u>	<u>(4.000.000)</u>	<u>44.000</u>	<u>600.000</u>	<u>0</u>	<u>266.080</u>	<u>6.486.245</u>
Ósk um viðbótarframlag	4.000.000		4.000.000			0	4.000.000	0
Rekstrarniðurstaða II:	<u>4.266.080</u>	<u>3.622.080</u>	<u>0</u>	<u>44.000</u>	<u>600.000</u>	<u>0</u>	<u>4.266.080</u>	<u>6.486.245</u>
Hagnaðarhlutdeild í G.	20.000.000	20.000.000					20.000.000	30.862.418
Heildarafkoma ársins	<u>24.266.080</u>	<u>23.622.080</u>	<u>0</u>	<u>44.000</u>	<u>600.000</u>	<u>0</u>	<u>24.266.080</u>	<u>37.348.663</u>

Tillögunni vísað til fjárhagsnefndar

Haukur Valtýsson lagði fram tillögur 2–15.

Tillaga 2

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, þakkar Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og ráðherra íþróttá- og menntamála fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

Tillaga 3

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, færir Alþingi, fjárlaganefnd og ráðherra íþróttá- og menntamála þakki fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekur athygli á því mikilvæga menningar-, umhverfis-, forvarna- og íþróttastarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.

Tillaga 4

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, fagnar nýjum samningi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ÍSÍ um stórukið framlag ríkisins til afreksíþróttá á Íslandi. Samningurinn hefur mikla þýðingu fyrir íþróttastarf á Íslandi og gerir m.a. sérsamböndum kleift að bæta umgjörð fyrir afreksfólk okkar.

Greinargerð: Afrekssjóður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur lengi skort fjármagn til að geta styrkt íslenskt afreksfólk sem skildi. Því er það fagnaðarefni fyrir allt íslenskt afreksíþróttafólk að ríkisstjórn Íslands hafi séð færi til þess að auka fjármagn sjóðsins í áföngum og gera honum kleift að styrkja afreksíþróttafólk meira og betur en verið hefur

Tillaga 5

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, þakkar sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar fyrir góða aðstöðu og móttökur og Héraðssambandi Vestfirðinga fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 6. Landsmóti UMFÍ 50+. Einnig sjálfboðaliðum fyrir það mikla starf sem lagt var fram í tengslum við mótið

Tillaga 6

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, þakkar Sveitastjórn Borgarbyggðar góða aðstöðu og móttökur og Ungmennasambandi Borgarfjarðar fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 19. Unglingalandsmóti UMFÍ. Einnig sjálfboðaliðum fyrir það mikla starf sem lagt var fram í tengslum við mótið.

Tillaga 7

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 20. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum 2017.

Tillaga 8

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 7. Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði 2017.

Tillaga 9

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að hafa landsmótsnefnd starfandi á ársgrundvelli sem stuðli að öflugri þátttöku á Landsmótum UMFÍ.

Tillaga 10

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að taka höndum saman og standa vörð um Íslenska getspá og Íslenskar Getraunir. Arður fyrirtækjanna sem eigendur þeirra fá í sinn hlut og úthlutað er að verulegu leiti til sambandsaðila og félaga er verulegur hluti ráðstöfunartekna þeirra.

Greinargerð: Vitað er að lengi hafa ákveðnir aðilar sóst eftir því að fá aðild að fyrirtækjunum þar sem eignaraðilar hafa fengið hagnað í sinn hlut. UMFÍ hefur ráðstafað honum samkvæmt reglugerð til sambandsaðila sinna og þaðan niður í grasrótastarfið. Þá er einnig sótt að einkaleyfum sem þessi fyrirtæki hafa um sína starfsemi. Einnig ógna erlend veðmálafyrirtæki íslensku fyrirtækjunum. Þeir greiða enga skatta hér á landi og bera enga samfélagslega ábyrgð. Því er það enn mikilvægara nú að standa vörð um starfsemi Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna til hagsbóta fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeirra.

Tillaga 11

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að taka höndum saman og standa með tilheyrandi aðilum gegn hvers konar notkun tóbaks s.s. reyktóbaks, munntóbaks, neftóbaks, rafrettum eða öðrum afbrigðum tóbaks. Einnig beinir fundurinn því til sambandsaðila að alls staðar þar sem íþróttastarf fer fram skuli bannað að nota tóbak.

Greinargerð: Notkun tóbaks hefur dregist saman undarfarin ár og færri grunnskólanemar virðast byrja að reykja. Notkun munntóbaks hefur aftur á móti verið vaxandi vandamál og ekki hefur enn tekist að snúa þeirri þróun við. Þá hefur notkun á rafrettum rutt sér til rúms og aukist verulega hjá ungu fólki. Nauðsynlegt er að og hvetja ungt fólk og í raun alla til að forðast notkun tóbaks í hvaða formi sem er.

Tillaga 12

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur Alþingi til styðja sambandsaðila og aðildarfélög UMFÍ með myndarlegum hætti í fjárframlögum ár hvert til eflingar á því mikilvæga forvarnastarfi sem þau standa fyrir um allt land.

Tillaga 13

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, þakkar Æskulýðsvettvanginum fyrir vel unnin störf og hvetur til áframhaldandi góðra verka. Jafnframt hvetur fundurinn sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn betur og á hvaða grundvelli hann starfar.

Tillaga 14

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að kynna sér og nýta þá möguleika sem eru í boði á vegum Evrópu unga fólksins til að efla félagsstarfið á sínu svæði.

Tillaga 15

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, samþykkir að veita stjórn UMFÍ umboð til að vinna áfram að því að undirbúa mögulega stofnun lýðháskóla á Laugarvatni.

Greinargerð: Innan UMFÍ hefur um langan tíma verið áhugi á stofnun lýðháskóla með svipuðu sniði og eru víða á Norðurlöndum. Áhuginn var endurvakinn þegar fréttist af því að kennsla Íþróttافرæðaseturs Háskóla Íslands yrði flutt frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Horft hefur verið til staðsetningar og þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi á Laugarvatni sem hentugri fyrir uppbyggingu á slíkum skóla.

Bent hefur verið á að lýðháskóli gæti hentað vel fyrir ungt fólk sem er ekki tilbúið til að fara í háskólanám s.s. strax eftir stúdentspróf og er til í að fara í lýðháskóla fyrst. Rætt hefur verið um að í lýðháskóla á Laugarvatni væru helstu menntasvið, íþróttir, útivist, ferðamennska, lýðheilsa og annað eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Auk lýðháskóla er möguleiki á að vera jafnframt með ýmis konar námskeið sem tengjast félagsmálafræðslu, leiðtogaþjálfun og fleira sem gæti nýst mörgum samtökum og margt fleira í þá veru.

Haukur Valtýsson lagði fram tillögu 16 sem tekin verður til sérstakrar umfjöllunar með þjóðfundarfyrirkomulagi síðar á dagskránni.

Tillaga 16

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, samþykkir að taka til umræðu og afgreiðslu, nýja stefnu Ungmennafélags Íslands sem stjórn hefur samþykkt.

Tillögunni var vísað til sérstakrar umræðu

Auður Inga Þorsteinsdóttir lagði fram tillögu 17

Tillaga 17

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, Samþykkir að fela stjórn að hefja undirbúning að ferð fulltrúa úr hreyfingunni á landsmót DGI sumarið 2017.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar

Örn Guðnason sagði frá þeirri hugmynd sem hefði komið fram um að heimsækja landsmót DGI í Danmörku næsta sumar. Sagði hann að svona heimsóknir hefðu mikið gildi fyrir fólk t.d. varðandi að fá hugmyndir og læra af öðrum. Einnig að UMFÍ teldi mikilvægt að læra af Landsmóti DGI þar sem nú standa yfir breytingar á Landsmóti UMFÍ. Að lokum væri það mikilvægt fyrir hreyfinguna að fara í slíkar ferðir með jöfnu millibili til að hrista saman hópinn og kynnast hvert öðru.

Helgi Gunnarsson lagði fram vísu um ummæli Stefáns Skafta um vísnapáttinn í Skinfxa:

Vísnapáttinn vill hann sjá.

Vont er að hafa hann illa skakkan.

Yrkja skal áfram þá.

Alveg fram á grafarbakkann

Haukur Valtýsson kvaddi sér hljóðs og afhenti hvatningarverðlaun UMFÍ. Að þessu sinni fékk Héraðssambandið Skarphéðinn þau fyrir störf frjálsípróttaráðs HSK, sem er samstarfsvettvangur 14 félaga innan HSK. Starfsemi ráðsins hefur verið öflug undanfarin ár. Þar ber fyrst að nefna að ráðið heldur árlega átta héraðsmót innan- og utanhúss og hefur þátttaka verið góð. Þá heldur ráðið opið mót á hverju vori og í sumar hélt ráðið auk þess tvö Íslandsmót fyrir FRÍ.

Guðríður Aadnegard og Engilbert Olgeirsson tóku við verðlaununum. Þau þökkðu fyrir viðurkenninguna og fögnuðu því sérstaklega að þau séu veitt starfi ungmenna.

Fundarstjóri skipaði Guðnýju Stefaníu Stefánsdóttur umræðustjóra allsherjarnefndar og Ragnheiði Sigurðardóttur ritara. Aðrir sem starfa í nefndinni eru: Guðlaugur Jónsson HHF, Valdimar Gunnarsson UMSK, Garðar Svansson HSH, Bjarni Már Svavarsson UMFG, Þórarinn Hannesson UÍF, Kristján Árnason UMFÞ, Eygló Hrund Guðmundsdóttir USVH, Þórhildur Sýlvía Magnúsdóttir UMSS, Olga Ellen Þorsteinsdóttir UMFK, Arnar Grétarsson UMFK, Gunnar Júlíus Helgason UMFÞ, Rúnar

Aðalbjörn Pétursson USAH, Sólrún Halla Bjarnadóttir UMSB, Þórir Steinn Valgeirsson UÍA, Ólafur Eyjólfsson UMFN, Málfríður Sigurhansdóttir UMFF, Jóhanna Sigrún Árnadóttir UDN og Sigurður Óskar Jónsson USÚ/UMFÍ.

Einar Haraldsson var skipaður umræðustjóri í fjárhagsnefnd og Sabína Steinunn Halldórsdóttir ritari. Aðrir í nefndinni eru: Örn Guðnason UMFÍ, Jenný Hólmsteinsdóttir HSB, Einar Kristján Jónsson V, Stefán Skafti Steinólfsson USK, Engilbert Olgeirsson HSK, Bjarnveig Ingvadóttir UMSE, Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir HSV, Magnús Gíslason UMSK, Guðmundur L. Gunnarsson UMFF, Ragnar K. Bragason HSS, Ragnheiður Högnadóttir UMFÍ og Haukur Valtýsson UMFÍ, auk starfsmanna.

Matarhlé 12:30 – 13:30

Höfum áhrif – Þjóðfundarfyrirkomulag um stefnu UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir kynnti fyrirkomulag umræðunnar. Fim umræðuhópar störfuðu og voru starfsmenn hópanna sem hér segir:

Hópur 1 – UMFÍ eflir þátttöku í hreyfingu og íþróttum.

Umræðustjóri: Sabína Steinunn Halldórsdóttir.

Ritari: Ragnheiður Sigurðardóttir.

Hópur 2 – UMFÍ er leiðandi í fræðslu og forvörnum / UMFÍ er öflugur samstarfsaðili.

Umræðustjóri: Haukur Valtýsson.

Ritari: Örn Guðnason.

Hópur 3 – UMFÍ eflir grasrótastarf / UMFÍ byggir á traustum stjórnarháttum.

Umræðustjóri: Auður Inga Þorsteinsdóttir.

Ritari: Helgi Gunnarsson.

Hópur 4 – UMFÍ stendur fyrir útbreiðslu og kynningarstarfi / UMFÍ eru nútímaleg og leiðandi samtök

Umræðustjóri: Gunnar Gunnarsson.

Ritari: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

Hópur 5 – UMFÍ er umhugað um náttúru og umhverfi / UMFÍ byggir á sjálfbærni og sjálfbærni

Umræðustjóri: Ómar Bragi Stefánsson.

Ritari: Hrönn Jónsdóttir.

Nefndir skila álitum – afgreiðsla mála

Guðný Stefanía Stefánsdóttir gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.

Tillaga 2

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, þakkar Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og ráðherra íþróttá- og menntamála fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 3

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, færir Alþingi, fjárlaganefnd og ráðherra íþróttá- og menntamála þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekur athygli á því mikilvæga menningar-, umhverfis-, forvarna- og íþróttastarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 4

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, fagnar nýjum samningi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ÍSÍ um stóruaukið framlag ríkisins til afreksíþróttá á Íslandi. Samningurinn hefur mikla þýðingu fyrir íþróttastarf á Íslandi og gerir m.a. sérsamböndum kleift að bæta umgjörð fyrir afreksfólk okkar.

Greinargerð: Afrekssjóður Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands hefur lengi skort fjármagn til að geta styrkt íslenskt afreksfólk sem skyldi. Því er það fagnaðarefni fyrir íþróttahreyfinguna að ríkisstjórn Íslands muni auka fjármagn sjóðsins í áföngum og geri honum kleift að styrkja meira og betur en verið hefur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 5

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, þakkar sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar og Héraðssambandi Vestfirðinga fyrir góða aðstöðu og móttökur sem og góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 6. Landsmóti UMFÍ 50+. Einnig sjálfboðaliðum fyrir það mikla starf sem lagt var fram í tengslum við mótið.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 6

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, þakkar sveitarstjórn Borgarbyggðar og Ungmennasambandi Borgarfjarðar góða aðstöðu og móttökur sem og góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 19. Unglingalandsmóti UMFÍ. Einnig sjálfboðaliðum fyrir það mikla starf sem lagt var fram í tengslum við mótið.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 7

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 20. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum 2017.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 8

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á 7. Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði 2017.

Tillagan er samþykkt samhljóða

Tillaga 9

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að hafa landsmótsnefnd starfandi á ársgrundvelli sem stuðli að öflugri þátttöku á Landsmótum UMFÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 10

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að standa vörð um Íslenska Getspá og Íslenskar gettraunir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 11

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að taka höndum saman og standa með tilheyrandi aðilum gegn reykingum og notkun tóbaks. Einnig beinir fundurinn því til sambandsaðila að alls staðar þar sem íþróttastarf fer fram skuli bannað að nota tóbak.

Greinargerð: Notkun tóbaks hefur dregist saman undarfarin ár. Nauðsynlegt er að og hvetja ungt fólk og í raun alla til að forðast notkun tóbaks í hvaða formi sem er.

Sabína Steinunn Halldórsdóttir harmaði að rafrettur hafi verið teknar út úr tillögunni. Sagði að rannsóknir sýni að rafrettur innihaldi skaðleg efni og að þær séu markaðssettar sérstaklega fyrir börn og ungmenni. Hvatti til þess að UMFÍ leiði forvarnir sem miðast að rafrettur.

Haukur Valtýsson tók undir orð Sabínu og sagði að sönnunarbyrðin eigi að liggja hjá þeim sem framleiða rafrettur, að þær séu ekki skaðlegar, frekar en að við eigum að sanna að þær valdi skaða.

Stefán Skafti Steinólfsson tók undir orð Sabínu og Hauks.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir sagði frá því að skoðanir hafi verið skiptar innan allsherjarnefndar um breytingar á tillögnum. Guðný tók undir skoðun þeirra sem þegar höfðu tjáð sig.

Gunnar Júlíus Helgason var ekki sammála því að það sé okkar að leggjast gegn rafrettum, þar sem þær hafi verið framleiddar upphaflega til að hjálpa fólki að hætta reykingum.

Sabína Steinunn Halldórsdóttir lagði enn frekari áherslu á að við leggjumst gegn notkun rafretta. Rannsóknir sýni að mjög líttill minnihluti þeirra sem reyna að hætta með hjálp rafretta takist ætlunarverkið. Einnig ættum við að geta bannað notkun rafretta á íþróttaleikjum og í mannvirkjum.

Ólafur Eyjólfsson sagði frá því að reykur úr rafrettu setji af stað brunakerfi en ekki venjulegur andardráttur, sem segi okkur að í reyknum séu eiturfefni.

Guðlaugur Jónsson benti á að ef til vill vanti regluverk til að hægt sé að banna notkun rafretta í t.d. íþróttamannvirkjum.

Tillagan felld með þorra atkvæða gegn þremur.

Upprunaleg tillaga 11

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016 hvetur sambandsaðila til að taka höndum saman og standa með tilheyrandi aðilum gegn hvers konar notkun tóbaks s.s. reyktóbaks, munntóbaks, neftóbaks, rafrettum eða öðrum afbrigðum tóbaks. Einnig beinir fundurinn því til sambandsaðila að alls staðar þar sem íþróttastarf fer fram skuli bannað að nota tóbak.

Samþykkt með þorra atkvæða gegn þremur.

Tillaga 12

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur Alþingi til að styðja UMFÍ og sambandsaðila með myndarlegum hætti í fjárframlögum ár hvert til eflingar á því mikilvæga forvarnastarfi sem þau standa fyrir um allt land.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 13

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, þakkar Æskulýðsvettvanginum fyrir vel unnin störf og hvetur til áframhaldandi góðra verka. Jafnframt hvetur fundurinn sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 14

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, hvetur sambandsaðila til að kynna sér og nýta þá möguleika sem eru í boði á vegum Evrópu unga fólksins til eflingar félagsstarfs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga 15

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, samþykkir að veita stjórn UMFÍ umboð til að vinna áfram að því að undirbúa mögulega stofnun lýðháskóla á Laugarvatni.

Greinargerð: Innan UMFÍ hefur um langan tíma verið áhugi á stofnun lýðháskóla með svipuðu sniði og eru víða á Norðurlöndum. Áhuginn var endurvakinn þegar fréttist af því að kennsla Íþróttافرæðaseturs Háskóla Íslands yrði flutt frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Horft hefur verið til staðsetningar og þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi á Laugarvatni sem hentugri fyrir uppbyggingu á slíkum skóla.

Bent hefur verið á að lýðháskóli gæti hentað vel fyrir ungt fólk sem er ekki tilbúið til að fara í háskólanám s.s. strax eftir stúdentspróf og er til í að fara í lýðháskóla fyrst. Rætt hefur verið um að í lýðháskóla á Laugarvatni væru helstu menntasvið, íþróttir, útivist, ferðamennska, lýðheilsa og annað eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Auk lýðháskóla er möguleiki á að vera jafnframt með ýmis konar námskeið sem tengjast félagsmálafræðslu, leiðtogaþjálfun og fleira sem gæti nýst mörgum samtökum og margt fleira í þá veru.

Stefán Skafti Steinólfsson lagði til að tillagan yrði dregin til baka og frekar verði unnið að því að stofna lýðháskóla á Laugum og renna þannig styrkari stoðum undir starfsemi Ungmenna- og Tómskundabúða UMFÍ.

Einar Haraldsson kallaði eftir svörum um það að hvaða leyti UMFÍ ætlar að koma að rekstri lýðháskóla, hvort við komum til með að sjá um rekstur, mönnun og annað utanumhald. Að öðru leyti kvaðst hann hrifinn af hugmyndinni.

Helgi Gunnarsson lagði til þá breytingu við tillöguna að staðsetning fylgi tillögunni ekki, heldur eingöngu að stjórn stefni að stofnun lýðháskóla.

Haukur Valtýsson svaraði spurningum Einars um hver aðkoma UMFÍ að rekstri lýðháskóla væri. Sagði að stefnan sé ekki sú að UMFÍ beri fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans heldur stuðli frekar að því að hægt verið að stofna slíkan skóla.

Örn Guðnason tók undir svör Hauks um að ekki standi til að UMFÍ standi í rekstri heldur komi að stofnun skólans og faglegu starfi.

Stefán Skafti Steinólfsson tók undir orð Helga Gunnarssonar um breytingar á tillögunni, að ekki sér eingöngu einblínt á Laugarvatn sem staðsetningu fyrir lýðháskóla. Hann vildi líka vekja athygli á stöðu Ungmenna- og tómskundabúðanna sem upp er komin eftir að byggingar á Laugum eru settar á sölu.

Tillaga 15 var borin upp svo:

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, samþykkir að veita stjórn UMFÍ umboð til að vinna áfram að því að undirbúa mögulega stofnun lýðháskóla.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Tillaga 17

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, samþykkir að fela stjórn að hefja undirbúning að ferð fulltrúa úr hreyfingunni á landsmót DGI sumarið 2017.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Tillaga 18 - (kom frá allsherjarnefnd)

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016, fagnar auknu framlagi í ferðasjóð íþróttafélaga. Þrátt fyrir aukið framlag vantar enn mikið uppá miðað við umsóknir í sjóðinn. Fundurinn hvetur ráðherra og alþingi til að auka framlagið í 250 milljónir á næstu þremur árum.

Greinargerð: Ferðasjóðurinn er mikilvægur fyrir íþróttahreyfinguna í landinu enda mikill kostnaður vegna keppnisferða um allt land.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Haukur Valtýsson vildi að í tillögunni væri farið fram á „umtalsverða upphæð“ í staðinn fyrir 250 milljónir.

Garðar Svansson: Hvetur fundinn til að vera ófeiminn við að fara fram á ákveðna upphæð þar sem mat manna á því hvað er mikið er misjafnt. Umsóknir í sjóðinn eru margfalt hærri en sá sjóður sem hægt er að úthluta.

Breytingartillaga Hauks Valtýssonar felld með 7 atkvæðum gegn 6.

Upprunalega tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Haukur Valtýsson bar upp nýja tillögu.

Tillaga 19

40. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016,

felur stjórn að fullvinna stefnu UMFÍ samkvæmt þeim ábendingum sem fram komu við umræðu og framfylgja henni.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Einar Haraldsson kynnti niðurstöðu fjárhagsnefndar

Nefndin leggur til að rekstraráætlun verði samþykkt án breytinga.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Kaffihlé

Kynningar starfsmanna UMFÍ á verkefnum sem framundan eru

Ómar Bragi Stefánsson: Landsmót UMFÍ hefur verið á ákveðnum tímamótum, en Ómar sagði frá breytingum sem unnar hafa verið á skipulagi mótsins.

Sabína Steinunn Halldórsdóttir sagði frá því hvað felst í verkefninu *Sýnum karakter*, en verkefnið er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ. Sagði hún að með verkefni á borð við *Sýnum karakter*, sýnum við að við séum að sinna ekki bara líkamlegri uppbyggingu barna og unglunga heldur líka andlegri.

Ragnheiður Sigurðardóttir sagði frá nýju verkefni *Nýtum tækifærin núna* sem snýst um að fá sambandsaðilana okkar saman að borðinu til skrafs og ráðagerða.

Önnur mál

Guðný Stefanía Stefánsdóttir þakkaði fyrir gott samstarf við stjórn og starfsfólk í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði. Einnig spurði hún hvað væri að fréttu af hönnun á nýju merki UMFÍ.

Stefán Skafti Steinólfsson biðlaði til stjórnar að áréttu það við stjórnmalaflokka að misnota ekki kjörorð hreyfingarinnar. Skafti svarar svo vísu Helga Gunnarssonar:

*Fótbít kannski finnum brátt,
Fylgjast með þið verðið.
Horfa skal í austurátt,
er Helgi missti sverðið.*

Hann bar svo lof á Skinfaxa:

*Skinfaxi er snilldarblað,
Sómi lands og þjóðar.
Sýnum þrótt og styðjum það,
Sendum greinar fróðar.*

Guðríður Aadnegard þakkaði fyrir góðan fund og góðan viðurgjörning á Laugum. Hvatti alla til að mæta á Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði. Þar geta allir keppt, enda verður þar opin grein. Endaði svo mál sitt á lítilli jólasögu.

Helgi Gunnarsson svaraði Skafta með eftirfarandi vísu.

*Yrkir halur ekki neitt,
Eins og væri klár í hafti.
Hamra skyldi járníð heitt,
En heldur kjafti, Stefán Skafti.*

Auður Inga Þorsteinsdóttir: Svarar Guðnýju. Það er hafin vinna við ímyndarmál, m.a. heimasíðu og merki UMFÍ.

Einar Haraldsson þakkaði fyrir góðan og skemmtilegan fund. Taldi rétt að UMFÍ eigi einkarétt af merki sínu og kjörorði og öðru kynningarefni.

Ómar Bragi Stefánsson þakkaði fyrir daginn og gærkvöldið. Endaði mál sitt á litlu jólaljóði, sem svar til Guðríðar. Ljóðið er ekki eftir Ómar.

*Jólin koma,
Jólin fara,
Af því bara.*

Þorgrímur Einar Guðbjartsson fundarstjóri þakkaði staðarhöldurum fyrir góðan velgjörning og var klappað fyrir þeim. Sagði síðan frá syni sínum sem steig sín fyrstu skref í fimleikum á Unglingalandsmóti á Egilsstöðum 2011. Sagði að í gær hefði hann keppt á Evrópumótinu í hóp fimleikum þar sem lið hans lenti í þriðja sæti. Unglingalandsmótið skiptir því miklu máli fyrir hinar dreifðu byggðir, þar sem ekki er endilega boðið upp á æfingar í öllum íþróttagreinum.

Haukur Valtýsson sagði ástæðu til bjartsýni fyrir störfum hreyfingarinnar. Hann þakkaði góð orð til stjórnar og starfsfólks og hvatti hreyfinguna til að efla mót eins og Landsmót UMFÍ 50+, enda séu mikil tækifæri til þess. Óskaði svo öllum góðrar heimferðar og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 17:05.

Ritarar fundarins:

Hrönn Jónsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Ómar Bragi Stefánsson